

Ed.

452. Nefndarálit

[75. mál]

um frv. til stjórnarskipunarlags um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33 17. júní 1944.

Frá minni hl. allsherjarnefndar.

Eftir að frumvarp þetta hafði verið athugað á fundum nefndarinnar, kom í ljós, að nefndin gat ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu málsins.

Það hafa tvær ríkisstjórnir lýst því hátiðlega yfir, er þær settust að völdum, að þær mundu vinna að því að setja þjóðinni nýja stjórnarskrá. Það er heldur ekki ágreiningur um það, að þess sé rík þörf.

Þrjár nefndir hafa starfað að því að endurskoða stjórnarskrána og semja ný stjórnarskipunarlög. En árangur hefur ekki orðið sýnilegur af því starfi. Svo virðist sem þrautaráðið til þess að fá þetta mál afgreitt sé, að sérstakt stjórnlagabing, eingöngu til þess kjörið, vinni þetta verk. Þó eru það ekki frá sjónarmiði minni hlutans aðalrökin, sem mæla með því, að stjórnarskráin verði afgreidd á sérstöku stjórnlagabingi, heldur vegna þess að með því móti mundi þjóðin fá betri aðstöðu til þess að ráða því, hvernig stjórnarskipun ríkisins verður úr garði gerð. — Og þetta telur minni hlutinn svo miklu máli skipta, að ekki sé áhorfsmál að reyna að fá því til vegar komið með því móti, að þjóðin velji fulltrúa til þess að afgreiða þetta eina mál. Þá fær þjóðin aðstöðu til þess að velja þessa fulltrúa með tilliti til þess eins aðallega, hvaða skoðun þeir hafa á því, hvernig stjórnarskipunarlögin eigi að vera, en þurfi ekki að velja fulltrúann (þingmanninn) með tilliti til þess, hvaða stefnu hann kann að hafa í öðrum málum, þannig að afstaða til stjórnarskrármálsins hverfur í skuggann, þegar kosið er.

Meiri hlutinn hefur lagt til, að mál þetta verði afgreitt með rökstuddri dagskrá. Líkur eru til, að svo muni verða að sinni. Minni hlutinn leggur til, að frumvarpið verði samþykkt, en gerir ekki breytingartillögur við frumvarpið á þessu stigi. En hann hefur tjáð sig fúsan til samkomulags um breytingar á frumvarpinu, ef svo færi, að dagskráin yrði felld, og telur raunar, að á því þurfi að gera nokkrar breytingar. Geymir hann sér rétt til að koma fram með þær breytingartillögur við þriðju umræðu málsins.

Alþingi, 11. marz 1949.

Hermann Jónasson.